

Ed.

82. Frumvarp til laga

[50. mál]

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:
- a. Aftan við liðinn I. 2 bætist: eða í Vopnafjarðarkauptúni.
 - b. Liðurinn I. 3 orðist svo:
Kirkjubær: Kirkjubæjar-, Sleðbrjóts-, Hofteigs-, Eiríksstaða- og Möðrudalssóknir.
Prestssetur: Stóri-Bakki eða þar, sem sameiginlegur barnaskóli fyrir Hlíðar- og Tunguhrepp verður byggður.
 - c. Liðurinn I. 4 orðist svo:
Eiðar: Eiða- og Hjaltastaðarsóknir.
Prestssetur: Eiðar.
 - d. Aftan við liðinn II. 11 bætist: eða í Búðakauptúni.
 - e. Aftan við liðinn III. 14 bætist: eða í Hafnarkauptúni.
 - f. Aftan við liðinn VI. 28 bætist: eða Torfastaðir.
 - g. Í stað „Hvanneyri“ í liðnum IX. 52 komi: Staðarhóll.
 - h. Aftan við liðinn X. 55 bætist: eða í Borgarnesi.
 - i. Aftan við liðinn XI. 60 bætist: eða í Grundarfjarðarkauptúni.
 - j. Liðurinn XV. 79 orðist svo:
Ögurþing: Ögur- og Eyrarsóknir.
Prestssetur í Súðavík.

2. gr.

Á eftir orðunum „Sóknarprestarnir á Skeggjastöðum“ í 6. gr. laganna bætist: Kirkjubæ, Eiðum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að nokkru flutt eftir óskum manna í Kirkjubæjar- og Hofteigsprestaköllum, en að nokkru til að gera mögulegt, að prestar geti búið á öðrum stöðum en þar, sem nú eru lögboðin prestssetur, ef slíkt þykir hentara í framtíðinni.

Framtíðin virðist bera í skauti sínu þær óskir fyrir hönd prestanna, að þeim sé ætlaður bústaður í þéttbýli, eftir því sem hægt er, og ekki neyddir til að stunda búskap. Miða breytingarnar að því að gera mögulegt að verða við þeim óskum án þess að þurfa að brjóta lög.